

5. mál Umræða um ráðstöfun styrkja til stjórnmalasamtaka og upplýsingaskyldu þar um (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla að byrja samt þessa umræðu með að greina frá bókun sem ég hef tilbúna varðandi hjólreiðaáætlun hér í Reykjavík sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

Tillaga um hjólreiðaáætlun í Reykjavík er í sjálfu sér hið besta mál. Um árabíl hef ég barist einn á vettvangi Borgarstjórnar Reykjavíkur fyrir breyttri forgangsröðun þar sem velferðar- og sérstaklega öryggismál eru höfð í öndvegi. Forgangsröðun fjórflokksins hefur ætíð verið önnur. Ég sit því hjá.

Svo mörg voru þau orð, forseti, hvers vegna ég sat hjá um hjólreiðaáætlunina. Mér finnst þarna aðeins verið klippt úr nös og ekki staðið að verki með nógu mikilli reisu og heilindum. En ég mun síðan hugleiða það forseti, hvort ég láti búa til öndvegissúlur með öryggis- og velferðarmálum sitthvoru megin við sæti mitt á heimili mínu.

En ég ætlaði að flytja svohljóðandi bókun með tillögu varðandi styrki til stjórnmalasamtaka í borginni, ráðstöfun þeirra og sérstaklega upplýsingaskyldu. Því eins og segir í auglýsingu frá mér í Fréttablaðinu í dag, sem er greidd af borgarmálafélagi F-lista af gefnu tilefni, sem skipa allir kjörnir aðal- og varaborgarfulltrúar og nefndarmenn F-listans í Borgarstjórn Reykjavíkur, nær allir eru meðlimir í Frjálslynda flokknum. Margir þeirra eru meðlimir í kjördæmaráði Frjálslynda flokksins í borginni sem stendur einhuga á bak við þann sem hér talar með mannorð hans og heilindum og starfi hans á vettvangi borgarstjórnar og gegn þeim auma formanni sem situr enn í formannssæti í þeim flokki Guðjóni Arnari Kristjánssyni, mannorðsræningja með meiru. Ég hef ekki fleiri orð um hann hér. En ennþá heldur Frjálslyndi flokkurinn á vettvangi landsmála með leifarnar sem þar eru fyrir hendi að vega að mannorði mínu með að þjófkennda mig. Það vita allir hvernig ég fer með fé sem mér er treyst fyrir. Ég hef umboð borgarmálafélags F-listans til að verja þeim peningum sem við þó fengum til starfsemi okkar á þessu kjörtímabili til að kynna framboðið og vinna fyrir framboðið, það rennur ekki í okkar vasa. Og ég spyr hvernig tekst fjórflokknum að verja 90% af framlögum til stjórnmalaflokka í borginni árin 2006-2010 eða um 129 milljónum kr., hvernig tekst þeim að verja þetta til þess sem að var ætlað. Ég vil hafa það alveg á hreinu að þetta renni ekki í vasa borgarfulltrúa, varaborgarfulltrúa eða nefndarmanna.

Við greiðum enga reikninga sem lagðir eru fram. Einn fyrrverandi varaborgarfulltrúi okkar vildi fá greidda reikninga sem einhvers konar miskabætur að því að hann fékk ekki aðstöðu á skrifstofu hér út á Tjarnargötu, þar sem Margrét Sverrisdóttir sat fyrir, þó að hún mæti þar aldrei og við neituðum að greiða þessum viðkomandi varaborgarfulltrúa peninga fyrir einhvers konar meinta skrifstofuaðstöðu og ferðapeninga á leið í nefndarstörf. Til þess eru þessir peningar ekki ætlaðir, þeir eru ætlaðir til að kynna starfsemi stjórnmalasamtaka í borginni, reka þau, efna til funda, efla til skoðanakannana, kynna málstaðinn og það er það sem við erum að gera, enda langt komin með það litla fé sem við þó fengum enda engu verið eytt af því síðan við fengum framlagið greitt í júní mánuði 2008. En eins og segir hér í auglýsingunni í dag, sem verður örugglega hluti af þeirri bókun sem ég legg fram með málflutningi mínum hér:

Ólafur mun krefjast þess að borgarstjórnarframboð fjórflokksins geri grein fyrir því hvernig milljónatuga framlögum borgarinnar til þeirra er ráðstafað. Borgarstjórnarframboð fjórflokksins hafa tvöfaldað framlög borgarinnar til sjálfrá sín, en jafnframt komið í veg fyrir að framlög rygnu til F-lista framboðsins sem hefur þegar gert grein fyrir ráðstöfun á framlagi borgarinnar vegna ársins 2008 og lagt fram reikning í borgarráði. F-listinn vill að framlög sem honum voru ætluð vegna árána 2009 og 2010 renni til líknar- og velferðarmála, og skorar á hin framboðin að gera slíkt hið sama.

Forseti, ég ætla því að leggja fram svohljóðandi bókun og jafnframt tillögu í lok bókunarinnar vegna ráðstafana fjármagns til borgarstjórnarframboðanna og upplýsingaskyldu í þeim efnum og hefst nú lestur á bókun minni, með leyfi forseta:

Árið 2007 lét fjórflokkurinn í Borgarstjórn Reykjavíkur hækka framlög til sín frá borginni úr kr. 13.900.000 í kr. 32.750.000 eða um 130% eða 2,3 földun. Á tímabilinu 2006-2010 ætlar fjórflokkurinn sér 90% af áætluðum framlögum borgarinnar til stjórnmalasamtaka, sem eru 90% af kr. 143.000.00 eða kr. 129.000.000. F-listinn í borgarstjórn hefur þegar lagt fram reikninga sína í borgarráði vegna einu greiðslunnar sem hann hefur fengið á kjörtímabilinu um kr. 3.400.000. Fjórflokkurinn í borgarstjórn hefur komið í veg fyrir að framlög borgarinnar vegna ársins rynni til F-lista framboðsins í borginni, þrátt fyrir að fyrir liggja skýrt álit fyrrverandi borgarlögmanns Vilhjálms H. Vilhjálmssonar um að framlög borgarinnar eigi að renna til borgarstjórnarframboðanna en ekki til flokka á landsvísu. Ég mótmæli því enn á ný að núverandi borgarlögmaður leyfi sér í bréfi til sveitarstjórnar og samgönguráðuneytisins að óska eftir álitum þess á því hvernig borgin hagar sínum málum varðandi ráðstöfun á styrkjum til borgarstjórnarframboðanna. Í bréfi sínu heldur núverandi borgarlögmaður því fram að ég hafi sagt mig úr F-listanum, sem er fjarstæða. F-listinn í Borgarstjórn

Reykjavíkur var til árið 2002 þegar ég náði kjöri sem óháður borgarfulltrúi fyrir framboð F-lista, Frjálslyndra og óháðra. Þess skal einnig getið að flestir meðlimir borgarstjórnarflokks F-listans og þar með borgarmálafélags F-listans eru gildir meðlimir í Frjálslynda flokknum, margir þeirra skipa kjördæmaráð flokksins sem stendur einróma að baki þeim sem hér talar og gegn lygaáburði formannsins Guðjóns Arnar Kristjánssonar.

En ég ber fram svohljóðandi tillögu:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að öllum framboðum í borgarstjórn verði gert skylt að gera grein fyrir ráðstöfun þeirra fjármuna sem þeir hafa fengið frá borginni á þessu kjörtímabili.

Ég mun í umræðunni um tillöguna sem að ég vona að verði einhver af ykkar hálfu líka gera grein fyrir því, að ég mun í framhaldi af því gera tillögu um það og jafnvel bæta þá við tillöguna að Borgarstjórn Reykjavíkur samþykki að framlög sem ætluð voru til starfsemi stjórnmalasamtaka í borginni vegna ársins 2009 verði endurgreidd til að jafnræðis verði gætt milli allra framboðanna, en F-listinn hefur bæði hvorki fengið framlagið og þar að auki afsalað sér framlaginu, auk þess sem ég ítreka áskorun mína til allra framboðanna í Reykjavík að láta framlag ársins 2010 renna til líknar- og velferðarmála. Ef það er afhent framboðunum framlagið 2010 og líka ef skoðað er framlagið 2009, að þá tel ég það brýnt að þessi framlög verði lögð niður, þeim sé ekki lengur ráðstafað til þess eins að auka mismunun milli framboðanna hér í borgarstjórn. Því að hin framboðin hafa gras af seðlum til að moða úr, við höfum lítið sem ekkert sitjum samt undir hörðum ágjöfum að við séum þjófar, fjárplógsmenn sem við erum ekki. Ég legg sem sagt fram þessa tillögu og geri nánar grein fyrir bókuninni á eftir, ekki í bundnu máli, forseti.

Um að Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að borgarstjórnarframboðum verði gert skylt að gera grein fyrir ráðstöfun þeirra fjármuna sem þeir hlutu í styrki frá borginni á þessu kjörtímabili.

Það er tillagan og ég legg hana fram skriflega líka.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og óskað eftir því að það verði tekin til umfjöllunar hér og afgreiðslu tillaga sem að borgarfulltrúinn kynnti ekki fyrir fundinn, það kallar á afbrigði, það þarf að samþykkja með afbrigðum að taka slíka tillögu á dagskrá. Þeir sem að samþykkja að taka slíka tillögu á dagskrá gefi merki. Það er samþykkt með nægjanlega greiddum atkvæðum, en við skulum hafa samt sem áður hér alla borgarfulltrúa

Bstj. 2. febrúar 2009

viðstadda þegar að við greiðum atkvæði um slíka tillögu. Þá verður borin undir atkvæði tillaga sem að borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon flutti hér áðan og það kallar á afbrigði, og tillagan gengur út á það; að það verði samþykkt í borgarstjórn að borgarstjórnarflokkarnir geri grein fyrir ráðstöfun þeirra fjármuna sem að þeir hafa fengið frá Reykjavíkurborg til að sinna sinni starfsemi á þessu kjörtímabili, nokkurn veginn svo. Það þarf ekki að lesa hana aftur hún gengur út á þetta efnislega. Þeir sem samþykkja að taka þessa tillögu á dagskrá gefi merki. Það er samþykkt með 15 greiddum atkvæðum að taka tillöguna á dagskrá. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

5. mál Umræða um ráðstöfun styrkja til stjórnálagasamtaka og upplýsingaskyldu þar um (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Svona hljóðar tillagan svo að það sé alveg skýrt:

Afsakið forseti ég gleymdi að ávarpa þig: Góður forseti, ágæti borgarfulltrúar.

[frammícall: Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: það er tekið til greina – gjörðu svo vel]:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að öllum borgarstjórnarframboðum sé gert skylt að gera grein fyrir því hvernig framlögum borgarinnar til þeirra hefur verið varið á þessu kjörtímabili.

Ég vona að ég þurfi ekki að taka það fram að þetta gildir þá fyrir framlögin, ég get þá bara tekið það skýrar fram nánar tiltekið varðandi framlög borgarinnar árin 2006-2009, en 2010 hefur enn ekki verið ráðstafað eftir því sem ég best veit forseti. Og ég vildi gjarnan þú með þinni skýru rödd og hugsun endurtakir tillöguna í heyranda hljóði.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og tillagan sem borgarfulltrúinn bar fram er þannig orðuð:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að öllum borgarstjórnarframboðum sé gert skylt að gera grein fyrir því hvernig framlög borgarinnar til þeirra hefur verið varið á þessu kjörtímabili.

Það er væntanlega svo það er ekki gott að lesa hérna skrif lækna yfirleitt, en það er sem sagt verið að gera ráð fyrir því að það sé um að ræða framlög frá borginni til borgarstjórnarflokkanna á árunum 2006-2009, bæði árin meðtalin. Hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls.

5. mál Umræða um ráðstöfun styrkja til stjórnmalasamtaka og upplýsingaskyldu þar um (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það er dálítið erfitt fyrir okkur sem erum að sjá og heyra tillöguna fyrst núna, enda var hún ekki send út með gögnum fyrir þennan fund, að tjá okkur efnislega um hana þannig að einhver mikil umræða geti skapast um það. Vegna þess legg ég til að það sé viðhöfð hér sama málsmeðferð og var hér áðan, þegar að var sama uppi á teningnum að tillagan hafði ekki komið fyrir borgarfulltrúa áður, að þessari tillögu verði vísað til meðferðar í forsætisnefnd.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

5. mál Umræða um ráðstöfun styrkja til stjórnmalasamtaka og upplýsingaskyldu þar um (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Í boðaðri dagskrá var hér til umræðu ráðstöfun styrkja til stjórnmalasamtaka og ég vildi þá segja stutt um það mál og ítreka það sem að ég hef áður sagt hvað þetta varðar. Að rannsóknir hafa sýnt að samfara auknu fjármagni til stjórnmalaflokka minnkar virkni almennra félaga. Að tilhneigingin sé sú að hjá þeim sem veljast í forystu og stjórna daglegu starfi og þá sérstaklega kosningabaráttu sé sú að leita frekar til sérfræðinga á sviði auglýsinga og annarra almannatengsla en til almennra félaga í flokkunum. Kenningin er sú að stjórnendur stjórnmalaflokkanna hafi samfara auknu fjármagni hneigst til þess að minnka lýðræðislegt starf vegna þess að það sé tímafrekt. Þannig hafi í raun myndast gjá á milli virkrar forystu og óvirks fjölda almennra flokksmanna. Vægi almennra flokksmanna og þar með lýðræðis í flokknum hafi minnkað. Þessi þróun hefur verið stöðug undanfarna áratugi og á Íslandi náði hún sögulegu hámarki eins og allir vita á árunum 2006-2007.

Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla nú ekki að orðlengja þetta mjög. Ég tel tillögu borgarstjóra vera gáfulega, þar sem að tillaga sem varðar fjárframlög til stjórnmalaflokka er til afgreiðslu og eðlilegt að við skoðum þetta þá þar í leiðinni, en ég vil leyfa mér að bóka við þetta tilefni og les upp bókun núna um þetta mál, með leyfi forseta:

Borgarfulltrúar VG lögðu það til við gerð fjárhagsáætlunar í desember að styrkir Reykjavíkurborgar til stjórnmalaflokka yrðu lækkaðir um helming, en þeir nema nú tæplega 30 milljónum kr., en tillagan er til afgreiðslu í forsætisnefnd. Fram hefur komið að greiðsla Reykjavíkurborgar til fjórflokkasamtaka hækkaði úr 13,9 milljónum kr. árið 2006 í 32,75 milljónir kr. árið 2007. Undanfari þessarar hækkunar var að árið 2006 var ákveðið að ýmiss kostnaður sem áður féll á sveitarfélög við Alþingis- og forsetakosningar skyldi framvegis greiddur af ríkissjóði en vafasamt er að réttmæta það að þessar breytingar leiða af sér færslu fjármuna til stjórnmalaflokka í Reykjavík. Það hefur einnig komið fram að framlög Reykjavíkurborgar til stjórnmalasamtaka er meira en helmingi hærra en framlög til annarra sveitarfélaga, en framlög annarra sveitarfélaga svo sem Kópavogs, Akureyrar og Garðabæjar ef miðað er við höfðatölu. Það er hins vegar ljóst að Reykjavíkurborg er skylt samkvæmt lögum að veita þeim stjórnmalasamtökum sem uppfylla skilyrði ákvæðisins fjárframlag til starfsemi sinnar og skal heildarfjárhæðinni skipt á milli þeirra í hlutfalli við atkvæðamagn í næstliðnum borgarstjórnarkosningum, en í lögum er ekki getið á um upphæð framlagsins. Færa má rök fyrir því að borgarstjórnarflokkar, sérstaklega þeir sem eru í minnihluta þurfi á fjárframlögum að halda til þess að sækja sérfræðiaðstoð,

Bstj. 2. febrúar 2009

en sú mikla hækkun sem orðið hefur á framlögum undanfarin ár er langt umfram þá þörf. Lækkun framlaga til stjórnmalaflokka svara kalli tímans þegar mikill niðurskurður kallar á forgangsröðun í þágu velferðarmála. Skerðing á fjármagni til stjórnmalaflokka, hvort sem það er frá einkafyrirtækjum eða opinberum aðilum færir þá nær þeim tíma þegar starfsemin var fyrst og fremst byggð á félögunum í flokkunum sjálfum.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. [frammikall] Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon tekur til máls.

5. mál Umræða um ráðstöfun styrkja til stjórnmalasamtaka og upplýsingaskyldu þar um (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég þakka forseta fyrir þolinmæðina en ég vil líka minna hann á að ég hef þurft að sýna mikla þolinmæði að koma þessum réttlætismálum svo langt sem nú er orðið í umræðu hér í Borgarstjórn Reykjavíkur að menn eru að byrja að opna, virkilega opna það að hægt sé að gá að fjárhagslegum borgarfulltrúanna og kjörinna fulltrúa og að skoða það ofaní kjölinn hvernig framboðin í borginni ráðstafa þeim fjármunum sem til þeirra renna og taka vonandi okkur í F-listanum til fyrirmyndar í því sambandi. Enda gerum við ætíð grein fyrir öllu sem við höfum til ráðstöfunar og höfum þegar lagt það fyrir í borgarráði hvað við höfum gert árið 2008-2009 við þennan eina litla styrk sem við fengum sem að vísu var meira en nóg fyrir okkur en aðeins lítið brotabrot af því sem önnur stjórnmalasamtök í borginni hafa fengið.

Og ég hvet ykkur góðir borgarfulltrúar til að standa meira að baki okkar með það að þær milljónir kr. alls um 5 milljónir kr. sem við höfum afsalað okkur vegna árána 2009-2010 renni ekki í þann öskuhaug sem Frjálslyndi flokkurinn undir forystu Guðjóns Arnars Kristjánssonar var orðinn. Þeir virðast ekki geta gert neitt annað en að éta sig á gat og níða mannorðið af öðrum þar á bæ. Ég hef fengið nóg af því að horfa upp á það þegar að það liggur fyrir, ég er síðasti maðurinn hér í Borgarstjórn Reykjavíkur sem mundi draga mér fé eins og ég er ásakaður stöðugt um í fjölmiðlum sem éta upp ófögnuðinn eftir Guðjóni Arnari Kristjánssyni og félögum hans, sem haga sér eins og undirmálmenn, ég segi það bara hreint út. En ég ætla að stytta bókun mína verulega meðal annars vegna ánægju minnar með viðbrögð ykkar borgarfulltrúa við þessari tillögu minni og fyrri tillögunni hér í dag og þið segið kannski bara eins og minn yndislegi gamli góði þýskukennari í menntaskóla sagði þegar menn voru langorðir, hann sagði: Ekkert þras góðir nemendur. Ég skal hafa þessi orð að leiðarljósi hér, því að ég dreg verulega út þeirri löngu bókun sem ég lagði fram hér áðan. Þannig að bókunin í stytta máli hljóðar þannig, með leyfi forseta:

Árið 2007 lét fjórflokkurinn í Borgarstjórn Reykjavíkur hækka framlög til sín frá borginni úr kr. 13.900.000 í kr. 32.750.000 eða um 130% eða 2,3 földun. Á tímabilinu 2006-2010 ætlar fjórflokkurinn sér 90% af áætluðum framlögum borgarinnar til stjórnmalasamtaka, sem eru 90% af kr. 143.000.00 eða kr. 129.000.000. F-listinn í borgarstjórn hefur þegar lagt fram reikninga sína í

borgarráði vegna einu greiðslunnar sem hann hefur fengið á kjörtímabilinu um kr. 3.400.000. Farið er fram á að önnur framboð taki borgarstjórnarflokk F-listans til fyrirmyndar á þessu sviði sem öðrum. F-listinn vill að framlög sem honum voru ætluð vegna áránn 2009 og 2010 renni til líknar- og velferðarmála og skorar á hin framboðin að gera slíkt hið sama.

Þetta er í hreinritun hér frammi hjá ritara og berst forseta að örskammri stundu liðinni. En ég vil þakka forseta sérstaklega fyrir einstaklega ljúfmannlega og góða fundarstjórn hér í dag, sem hefur vafalaust átt sinn þátt í því hvað mín réttlætismál hafa náð hér vel fram að ganga í sal borgarstjórnar. Ég þakka.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og fleiri hafa ekki hvatt sér hljóðs. Og þá verður gengið til atkvæða um þá tillögu sem liggur fyrir í þessu máli hún er einfaldlega sú að það er lagt til að tillögunni sé vísað til forsætisnefndar. Þeir sem að samþykkja það, forseti þarf að hringja bjöllu enn einu sinni til að kalla menn hér inn í fundarsal borgarstjórnar. Nú verður gengið til atkvæða um þá tillögu sem hér var kynnt á fundinum um að vísa þeirri tillögu sem við höfum verið að ræða að undanfögnu til forsætisnefndar til frekari meðferðar. Og þeir sem að samþykkja það gefi merki. Fleira er ekki til umræðu á þessum borgarstjórnarfundi og fundi slitið kl. 16.38.